

Fimmtudaginn 16. júní 1994.

Nr. 124/1992.

Hreinn Garðarsson

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Vinnulaun. Samningar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 19. mars 1992 að fengnu áfrýjunarleyfi 27. febrúar sama ár. Krefst hann þess, að dæmt verði, að skuld hans við stefnda nemi 85.239 krónum auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1989 til greiðsludags, en sýknað verði af öðrum kröfum stefnda. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta varðar samning, er gerður var 30. júní 1988 milli áfrýjanda og stefnda af því tilefni, að áfrýjandi var að láta af starfi skrifstofustjóra hjá samtökunum, en hann hafði þá starfað á skrifstofu þeirra frá árinu 1982. Áttu starfslok áfrýjanda að miðast við þennan dag. Það var nýkjörinn stjórnarformaður samtakanna, Þórarinn Tyrfingsson læknir, sem annaðist samningsgerðina af hálfu stefnda, en áfrýjandi gætti sjálfur hagsmuna sinna. Samningstextinn var ritaður á skrifstofu Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, og virðast aðilar hafa sammælt um að fela honum frágang samningsins. Undirrituðu þeir samningsskjalið, eins og það var úr garði gert, þegar áfrýjandi sótti það á skrifstofu lögmannsins umræddan dag að honum fjarstöddum. Lögmaðurinn hefur lýst því fyrir dómi, að hann hafi þá ekki verið búinn að lesa skjalið yfir eftir vélritun þess. Á hinn bóginn er ekki fram komið, að áfrýjanda eða stjórnarformanninum hafi verið það ljóst.

Við munnlegan flutning í héraði og hér fyrir dómi hafa aðilar lagt

málið þannig fyrir, að ágreiningur þeirra snúist einvörðungu um túlkun á 2. gr. þessa samnings, þar sem kveðið er á um færslu tiltekinnna fjárhæða áfrýjanda til tekna á móti skuld á viðskiptareikningi hans hjá stefnda. Þá er ekki ágreiningur um niðurstöðutölur á fram lögðum viðskiptareikningi áfrýjanda fyrir árið 1988, sem krafa stefnda er á byggð, en samkvæmt honum nemur skuld áfrýjanda í árslok 807.338 krónum, áður en tillit er tekið til færslu samkvæmt umræddri samningsgrein. Jafnframt hefur stefndi dregið til baka ásakanir um, að áfrýjandi hafi notfært sér það við samningsgerðina, að hann væri kunnugri viðskiptastöðu sinni hjá stefnda en stjórnarformaðurinn. Heldur stefndi því ekki lengur fram, að ákvæði 31. gr. og 33. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 1. og 3. gr. laga nr. 11/1986, geti átt við í málinu. Hins vegar leggur hann áherslu á þá málsástæðu sína, að misritun hafi orðið í 2. gr. samningsins, og geti áfrýjandi ekki byggt rétt á því, sem af henni leiði, þar sem honum hafi mátt vera hún ljós. Vísar stefndi um þetta til 32. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 2. gr. laga nr. 11/1986.

Samningi aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi, og er 2. gr. hans rakin þar í heild. Í síðari málslið greinarinnar er það staðfest, að áfrýjandi hafi við starfslokinn átt inni ógreidd laun fyrir yfirvinnu vegna rekstrarstjórnar við sjúkrahús stefnda að Vogu, og beri að líta á tekjufærslu þá, er um ræði í fyrri málslið hennar, sem endurgjald fyrir þá vinnu. Af orðum greinarinnar og öðru efni samningsins verður ráðið, að aðilarnir hafi miðað við, að þessi tekjufærsla myndi hæfa til að jafna viðskiptareikning áfrýjanda.

Í málinu er leitt í ljós, að störf áfrýjanda við rekstrarstjórn að Vogu hófust í nóvember 1986, þegar sérstakur rekstrarstjóri sjúkrahússins, sem þangað var ráðinn á byggingartíma þess, lét af starfi, án þess að annar væri ráðinn í hans stað. Þáverandi stjórn stefnda fól áfrýjanda að gegna hluta af störfum hans fyrst um sinn jafnhliða aðalstarfi sínu. Þessi skipan hélst það, sem eftir var af starfstíma áfrýjanda, án þess að honum væru ákvörðuð laun vegna aukastarfsins. Segir áfrýjandi, að sú ákvörðun hafi frestast með samþykki hans, meðal annars vegna fjárhagsvanda, sem samtökin hafi átt við að etja. Fyrrverandi stjórnarformaður stefnda og þrjár aðrir stjórnarmenn samtakanna á umræddu tímabili hafa staðfest fyrir dómi, að ráðgert hafi verið, að áfrýjandi fengi viðbótarlaun vegna hinna nýju

skyldustarfa. Verður ráðið af framburði þeirra, að greiðsla, sem svaraði 25–35 yfirvinnutímum á mánuði, gæti talist hæfilegt endurgjald í þessu tilliti.

Áfrýjandi hefur lagt fram útreikning á viðbótarlaunum til sín, sem miðuð eru við greiðslu 30 yfirvinnutíma á mánuði að viðbættu orlofi fyrir hvern mánaðanna nóvember 1986 til og með september 1988, og nema þau samanlagt 958.530 krónum. Þar af eru 468.555 krónur vegna ársins 1987, en 489.975 krónur vegna hins hluta tímabilsins. Af hálfu stefnda er því ekki haldið fram, að mánaðarlaun áfrýjanda, sem af er reiknað, séu ranglega tilgreind, og hann hefur ekki leitt rök að því, að annar fjöldi yfirvinnutíma ætti fremur við.

Með 2. gr. samningsins var svo um samið, að áfrýjanda yrðu ákvörðuð viðbótarlaun aftur í tímann og þau greidd honum með færslu á viðskiptareikning hans, um leið og frá væri tekin viðeigandi fjárhæð til skila á staðgreiðsluskatti vegna launanna. Samkvæmt skilningi áfrýjanda átti viðskiptafærslan að nema 438.167 krónum og 283.932 krónum eða samtals 722.099 krónum, en skattgreiðslan 154.235 krónum. Þessi skilningur er í samræmi við bókstaf samningsins, eins og hann var undirritaður. Hann er einnig eðlilegur eftir samningsefninu, ef við það er miðað, að fyrstnefnda fjárhæðin hafi átt að vera vegna ársins 1987, þegar launatekjur voru ekki skattlagðar vegna væntanlegra reglna um staðgreiðslu, en hinar tvær, sem voru jafnháar henni samanlagt, vegna hins hluta tímabilsins. Stefndi heldur því hins vegar fram, að fyrstnefnda fjárhæðin hafi falið í sér heildarlaunin til áfrýjanda, en hinar tvær skiptingu þeirra til viðskiptafærslu og staðgreiðslu. Sé það fyrir misritun, að samningstextinn sýni þetta ekki með skýrum hætti.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að túlkun hans á samningnum sé ótvíræð. Túlkun áfrýjanda nýtur á hinn bóginn stuðnings í því, sem í ljós er leitt um störf hans og álit fyrri stjórnarmanna á hæfilegri greiðslu fyrir þau. Jafnframt lætur mjög nærri, að hún leiði til fullrar jöfnunar á viðskiptareikningi hans. Stefndi hefur ekki getað skýrt, hvernig fjárhæðin 438.167 krónur hafi verið fundin sem heildargreiðsla til áfrýjanda. Þetta verður ekki séð af hinum fram lagða viðskiptareikningi, sem lokið var við að færa eftir árslok 1988, og engra gagna nýtur um viðskiptastöðu aðilanna á þeim tíma, er samningurinn var gerður. Áfrýjandi annaðist ekki um bókhald

stefnda, en stjórn samtakanna bar skylda til að sjá um, að færsla þess og launagreiðslur til starfsmanna væru í réttu horfi. Er eðlilegt, að stefndi beri halla af því, sem á skortir um upplýsingar samningnum til skýringar.

Ósannað er samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, að áfrýjandi hafi mátt ætla, að texti 2. gr. samningsins væri rangur. Ber að taka til greina kröfu hans um viðskiptafærslu, að fjárhæð 722.099 krónur. Endanlegur mismunur á viðskiptareikningi hans nemur þá 85.239 krónum. Áfrýjandi lýsti sig 2. nóvember 1989 reiðubúinn til að greiða stefnda þá skuld, þegar kröfu um jöfnun á reikningnum var fyrst beint gegn honum. Verður honum gert að standa skil á henni með hæstu almennum innlánsvöxtum banka og sparisjóða frá 1. desember 1989 til uppsögu dóms þessa, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, svo sem nánar er mælt um í dómorði.

Rétt er, að málskostnaður í héraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og á er kveðið í dómorði. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Hreinn Garðarsson, greiði stefnda, Samtökum áhugafólks um áfengisvandamálið, 85.239 krónur með ársvöxtum sem nemur 12% frá 1. desember 1989 til 11. janúar 1990, 10% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 9% frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, 7% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 5% frá þeim degi til 1. apríl sama ár, 3% frá þeim degi til 1. október sama ár, 2,5% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. janúar 1991, 3,5% frá þeim degi til 21. sama mánaðar, 5% frá þeim degi til 1. júní sama ár, 6% frá þeim degi til 1. ágúst sama ár, 7% frá þeim degi til 11. október sama ár, 4% frá þeim degi til 1. desember sama ár, 3% frá þeim degi til 1. febrúar 1992, 2,5% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 2% frá þeim degi til 21. mars sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. maí sama ár, 1% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 2,2% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 1,75% frá þeim degi til 21.

sama mánaðar, 1,5% frá þeim degi til 11. febrúar sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. mars sama ár, 1% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 1,25% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 1% frá þeim degi til 11. sama mánaðar og 0,5% frá þeim degi til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að leggja áfallna vexti við höfuðstól skuldar á tólf mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. desember 1990.

Málskostnaður í héraði fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda 90.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. nóvember 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. okt. sl., höfðaði stjórn Samtaka áhuga- fólks um áfengisvarnir, kt. 671077-0169, Síðumúla 3–5, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. maí 1990, gegn Hreini Garðarssyni, kt. 040529-7214, nú til heimilis að Hólabraut 10, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verið dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 523.406,00 með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda gegn greiðslu á kr. 85.239,00 auk vaxta frá 24. okt. 1989 til greiðsludags og málskostnaður verði felldur niður.

Leitað var um sáttir í málinu án árangurs.

Málavextir.

Stefndi vann um árabíl hjá stefnanda, fyrst við almenn skrifstofustörf, en síðar sem skrifstofu- og fjármálastjóri. Haustið 1986 tók stefndi einnig að sér störf sem rekstrarstjóri að Vogu og í janúar 1987 varð að sögn stefnda samkomulag um að stefndi tæki einnig að sér ásamt formanni stefnanda hin ýmsu verkefni framkvæmdastjóra stefnanda. Þá er stefndi hætti störfum hjá stefnanda í júní 1988 var gerður samningur um starfslok stefnda, dags. 30. júní 1988, undirritaður af stefnda og Þórarni Tyrfingssyni, formanni stefnanda. Samningur þessi hefur verið lagður fram sem dskj. 4. Samningurinn er í 7 liðum. Ágreiningur málsaðila er um túlkun 2. gr. samningsins, sem er svohljóðandi:

„S.Á.Á. færir Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi og kr. 154.235,00

til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Greiðsla þessi er vegna vangreiddrar yfirvinnu fortíðarinnar vegna starfa Hreins í þágu Vogs við rekstrarstjórn.“

Í samningnum á dskj. 4 segir í 1. gr. að stefndi láti af störfum 30. júní 1988. Í 3. gr. er kveðið á um greiðslur á föstum launum til stefnda í júlí, ágúst og september 1988. Í 4. gr. samningsins er tekið fram, að stefndi fái til fullrar eignar án endurgjalds bifreiðina R-42639, Daihatsu Core, árgerð 1987. Í 6. gr. samningsins er yfirlýsing um að stefndi eigi ótekið allt lög- bundið og samningsbundið orlof vegna orlofsársins 1. maí 1987 til 1. maí 1988 og óúppgert orlof fyrir tímabilið frá 1. maí 1988 til 30. september 1988. 7. gr. samningsins er svohljóðandi: „Með samkomulagi þessu hefur farið fram fullnaðaruppgjör milli aðila vegna starfsloka Hreins hjá S.Á.Á. og lýsa aðilar því yfir, að þeir eigi hvorugur frekari kröfur á hinn.“

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda hafi verið það ljóst eða mátt vera ljóst, að hann skuldaði stefnanda verulega fjármuni, þegar samkomulagið um starfslok hans var gert við formann S.Á.Á. hinn 30. júní 1988. Stefndi hafi sjálfur séð um greiðslur til sín sem skrifstofu- og fjármála- stjóri S.Á.Á. Af viðskiptareikningi hans sé ljóst að hann hafi tekið til sín á árinu 1988 verulegar fjárhæðir umfram laun hverju sinni. Hafi honum ekki getað dulist að skuld hans skv. viðskiptareikningi hafi ekki verið kr. 283.932,00 heldur margfalt sú fjárhæð.

Stefnandi telur að rangt hafi verið að lýsa yfir við samningsgerðina að um fullnaðaruppgjör hafi verið að ræða og að hvorugur aðila ætti frekari kröfur á hinn. Í þessu efni er vísað til og byggt á l. nr. 7/1936, 31. gr., 32. gr. og 33. gr., sbr. l. nr. 11/1986.

Af hálfu stefnanda er á því byggt m.a. að víkja verði samkomulaginu um starfslok til hliðar þar sem stefndi hafi vitað eða mátt vita að skuld hans við stefnanda skv. viðskiptareikningi hafi verið miklum mun hærri en hann sjálfur gaf upp við stjórnarformanninn. Geti stefndi því ekki borið fyrrgreint samkomulag um starfslok fyrir sig þar sem það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggæringur þessi var gerður, sbr. 33. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 3. gr. l. nr. 11/1986.

Stefndi hafi notfært sér ókunnugleika stjórnarformannsins um skuldir sínar við stefnanda skv. viðskiptareikningi. Stjórnarformaðurinn hafi tekið orð stefnda trúanleg, hver væri staða hans á viðskiptareikningnum. Í þessu sambandi er vísað til 31. gr. l. nr. 7/1936, sbr. 1. gr. l. nr. 11/1986 og 248. gr. alm. hegningarlaga.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnanda að ágreiningsefni aðila sé einungis um túlkun á 2. gr. dskj. 4, þ.e. hvort stefndi

hafi átt að fá kr. 438.167,00 eða kr. 438.167,00 + kr. 438.167,00. Í því sambandi var m.a. vakin athygli á því að stefndi hefði ekki talið meinta inneign sína fram til skatts.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að þegar hann skrifaði undir samninginn um starfslok á dskj. 4 hafi hann talið sig vera að skrifa undir það að hann fengi fyrir störf sín við rekstrarstjórn greiddar kr. 438.167,00, kr. 283.932,00 og kr. 154.235,00 eins og tekið sé skýrt fram í samningnum. Hann hafi aldrei skrifað undir að hann fengi einungis greiddar kr. 438.167,00 sem sé meira en helmingi lægra en honum bar að mati Péturs Þ. Maack, fyrrverandi formanns stefnanda. Allar forsendur fyrir undirskrift stefnda séu því brostnar ef svo verði litið á gegn eindregnum mótmælum stefnda að skýra beri 2. gr. samningsins þannig að stefnda beri einungis kr. 438.167,00, þar af kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld skv. viðskiptareikningi og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti.

Stefnda beri samngjörn þóknun fyrir störf sín hjá stefnanda við rekstrarstjórn. Fyrir liggja mat fyrrverandi formanns stjórnar stefnanda, Péturs Þ. Maack, hver sú þóknun ætti að vera. Krafa stefnda sé neðan þeirra marka. Í þessu sambandi er bent á dskj. 15, samkomulag um laun Grettis Gunnlaugssonar.

Eftir að stefnandi hafði við munnlegan málflutning hækkað dómkröfu sína um kr. 9,00 frá því, sem greinir í stefnu, taldi stefndi endanlegt uppgjör eiga að vera þannig: Frá dómkröfu stefnda, kr. 523.406,00, dragist kr. 438.167,00 sbr. dskj. nr. 4 og dskj. nr. 13. Skuld stefnda sé þá kr. 85.239,00 sem stefndi hafi boðist til þess að greiða og bjóðist enn til að greiða.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda að stór hluti af laununum á dskj. 12 hafi verið vegna ársins 1987, sem var skattlaust, og þess vegna hafi ekki verið óeðlilegt að ekki voru nema kr. 154.235,00 til greiðslu skatta skv. lið 2 á dskj. 4. Stefndi þurfi ekki að sanna hvernig talan 438.167,00 á dskj. 4 sé til komin. Stefndi hafi ekki gert þetta skjal. Það hafi Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður gert. Sé um misritun að ræða á dskj. 4, hljóti sú misritun að vera á ábyrgð stefnanda. Það sé útilokað, að stefndi hefði allt í einu lækkað kröfu sína úr kr. 958.530,00 í kr. 438.167,00.

Niðurstaða.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Þórarinn Tyrfingsson lækni, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, Pétur Þorsteinn Maack áfengisfulltrúi, Tómas Agnar Tómasson iðnrekandi, Marinó Þorsteinsson viðskiptafræðingur, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson lögfræðingur, Þorsteinn Guðlaugsson, sem rekur bókhalds- og endurskoðunarskrifstofu, og stefndi.

Það virðist óumdeilt að við starfslok hafi stefndi skuldað stefnanda kr. 609.018,00 eftir að skuldin hafði verið lækkuð um kr. 283.932,00, sbr. dskj. 4, og átt inni sem ógreitt orlof kr. 85.612,00.

Við aðalmeðferð málsins var því lýst yfir af lögmönnum aðila, að ágreiningsfni aðila sé um túlkun á 2. gr. samningsins á dskj. 4.

Við fyrsta yfirlestur greinarinnar gefur það, að punkt vantar á milli S og Á í heiti stefnanda, til kynna vissa hroðvirkni við ritun skjalsins. En fram kom hjá Ragnari Aðalsteinessyni að stefnda hefði verið afhent skjalið á dskj. 4 án þess að Ragnar, sem lét vélrita skjalið, hefði lesið það yfir.

Uptalningin á fjárhæðunum kr. 438.167,00 og kr. 238.932,00 og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00 er óvenjuleg stíllega.

Það að samtala kr. 283.932,00 og kr. 154.235,00 er kr. 438.167,00, þýkir styrkja fullyrðingu af hálfu stefnanda svo og það, að kr. 154.235,00 er 35,2% af kr. 438.167,00, en staðgreiðsla skatta á árinu 1988 var í Reykjavík 35,2%. Hér er og á síðustu setningu hinnar umdeildu málsgreinar að líta en hún byrjar á orðunum greiðsla þessi er, en ekki greiðslur þessar eru.

Það, sem hér hefur verið rakið, þýkir styðja túlkun stefnanda svo og það, að af hálfu stefnanda var því haldið fram að fjárhæðin kr. 283.932,00 væri byggð á viðskiptamannareikningi á dskj. 3 og hefði verið talin heildarskuld stefnanda við starfslok.

Hér fyrir dómi kvaðst stefndi ekkert vita, hvaðan talan 283.932,00 væri komin, og ekki heldur talan kr. 438.167,00. Við gerð samningsins hafi verið talað um skuld stefnda en ekki hafi verið á hreinu hver skuldin var. Stefndi kvaðst hafa talið sig skulda á viðskiptamannareikningi en mundi ekki hve mikið það var, 3–4 hundruð þúsund. Stefndi kvaðst hafa talið sig eiga að fá samtölu talnanna þriggja á 2. gr. dskj. 4 en það taldi stefndi hafa verið nokkurn veginn það, sem stefnandi skuldaði, og vísaði um það til dskj. 12. Á dskj. 12 er launaútreikningur stefnda vegna rekstrarstjórnar. Þar reiknar stefndi sér 30 tíma yfirvinnu á mánuði frá því í nóvember 1986 til sept. 1988 að báðum mánuðum meðtöldum, samtals kr. 847.957,00. Á dómskjali þessu er jafnframt reiknað 13,08% orlof. Samtals telst stefnda þannig til að hann hafi átt inni hjá stefnanda fyrir yfirvinnu og orlof kr. 958.530,00, en samtala fjárhæðanna þriggja í 2. gr. dskj. 4 er kr. 876.334,00. Ósannað er að stefndi hafi nokkurn tíma á starfstíma sínum sett fram kröfur sbr. dskj. 12, en fram er komið að ekki var sérstaklega samið um yfirvinnugreiðslur til stefnda þá er starfssvið hans hjá stefnanda breyttist. En jafnvel þótt dskj. 12 hafi legið fyrir við gerð samningsins á dskj. 4, þá skýrir það ekki fjárhæðir í 2. gr. dskj. 4.

Ef túlkun stefnda er lögð til grundvallar og litið til þess að við gerð

samningsins á dskj. 4 virðist stefndi hafa skuldað kr. 892.950,00, þ.e. kr. 283.932 + kr. 609.018, þá er orðalag 2. gr. samningsins um að S.Á.Á. færi Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi óeðlilegt.

Með vísan til alls þess, sem hér hefur verið rakið, þykir bera að leggja til grundvallar að í 2. gr. samningsins á dskj. 4 sé um misritun að ræða þar sem segir að stefnandi færi stefnda til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00 og kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Þarna hafi í stað orðsins og átt að vera komma, þ.e. S.Á.Á. færir Hreini til tekna á viðskiptareikningi hans kr. 438.167,00, kr. 283.932,00 til greiðslu á skuld hans á viðskiptareikningi hans og kr. 154.235,00 til greiðslu á skatti af kr. 438.167,00. Telja verður að stefnda hafi mátt vera ljóst að þarna væri um misritun að ræða og getur stefndi því ekki byggt rétt á misrituninni, sbr. 1. mgr. 32. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. 1. nr. 11/1986.

Niðurstaða málsins verður því sú að kröfur stefnanda verða teknar til greina, þó þannig, að vextir ákveðast almennir innlánsvextir frá 1. janúar 1989 til 24. nóv. 1989 en 38,4% dráttarvextir frá þeim degi til 1. des. 1989, en 40,8% dráttarvextir frá þeim degi til 1. febrúar 1990, en 37,2% dráttarvextir frá þeim degi til 1. mars 1990, en 30% dráttarvextir frá þeim degi til 1. apríl 1990, en 26% dráttarvextir frá þeim degi til þingfestingardags 17. maí 1990 og dráttarvextir skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Uppkvaðning dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarsans sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hreinn Garðarsson, greiði stefnanda, stjórn Samtaka áhugafólks um áfengisvarnir (S.Á.Á.), kr. 523.406,00 með almennum innlánsvöxtum frá 1. janúar 1989 til 24. nóv. 1989 en 38,4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1989, en 40,8% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1990, en 37,2% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1990, en 30% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1990, en 26% dráttarvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags 17. maí 1990 og dráttarvöxtum skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.